

## Matsrammi fyrir lestrarlag

Vídd	1	2	3	4
A. Tjáning og raddstyrkur	Les með lítilli tjáningu eða innlifun í röddinni. Les orðin að því er virðist til þess eins að koma þeim frá sér. Lítið næmi fyrir því að láta textann hljóma eins og venjulegt talmál. Hefur tilhneigingu til þess að lesa lágum rómi. <input type="checkbox"/>	Nokkur tjáning. Notar röddina stundum til að láta textann hljóma eins og talmál en ekki alltaf. Athygli lesandans er þó fyrst og fremst á því að koma orðunum frá sér. Les enn fremur lágum rómi. <input type="checkbox"/>	Lesturinn hljómar oftast eins og eðlilegt talmál. Nemandinn dettur einstaka sinnum niður í tjáningarlausan lestur. Raddstyrkur er yfirleitt hæfilegur. <input type="checkbox"/>	Les textann með góðri tjáningu og innlifun. Lestur hljómar eins og eðlilegt talmál. Lesandinn er fær um að beita tjáningu og raddstyrk í takti við túlkun sína á textanum. <input type="checkbox"/>
B. Hendingar	Eintóna lestur, lítil tilfinning fyrir upphafi og endi hendinga. Les oft orð fyrir orð. <input type="checkbox"/>	Les textann að mestu í tveggja til þriggja orða hendingum, svo hann hljómar skrykkjóttur og flæði rofnar. Óviðeigandi áherslur og hljómfall sem verður til þess að ekki tekst að gefa til kynna lok setninga eða setningarhluta. <input type="checkbox"/>	Blanda af óslitnum lestri, hiki í miðri setningu til öndunar, stundum skrykkjóttum lestri og sæmilegum áherslum og hljómfalli. <input type="checkbox"/>	Hendingar að mestu leyti góðar. Yfirhöfuð góð hrynjandi og rétt hljómfall. Tjáning er góð. <input type="checkbox"/>
C. Flæði	Tíð hlé sem dragast á langinn, hik, byrjað upp á nýtt, lestur fjarar út, endurtekningar og/eða margar tilraunir gerðar til að hefja lesturinn. <input type="checkbox"/>	Nokkrir „erfiðir kaflar“ í textanum sem einkennast af löngum hléum, hiki o.fl. sem hefur truflandi áhrif. <input type="checkbox"/>	Einstaka rof í flæði vegna erfiðra orða og/eða forms texta. <input type="checkbox"/>	Almennt gott flæði í lestrinum með fáeinum hléum en auðveldlega leyst úr erfiðleikum tengdum orðum eða formi texta, yfirleitt með því að nemandi leiðréttir sig sjálfur. <input type="checkbox"/>
D. Hraði	Hægur og áreynslumikill lestur. <input type="checkbox"/>	Frekar hægur lestur. <input type="checkbox"/>	Óregla í hraða lesturs þar sem hraður og hægur lestur skiptast á. <input type="checkbox"/>	Stöðugur talmálshraði á lestrinum. <input type="checkbox"/>

Þýtt með leyfi Timothy V. Rasinski, 2017

Styðstu við kvarðann við mat á lesfimi á eftirfarandi þáttum: Tjáning og raddstyrkur, hendingar, flæði og hraði. Stigagjöf er á bilinu 4 til 16 stig. Almennt er ástæða til þess að huga nánar að stöðu nemenda sem eru með færri en átta stig. Átta stig eða fleiri benda til þess að lestrarlag nemandans sé á réttri leið.

## Leiðbeiningar með notkun matsrammans

### Lestrarlag

Lesfimi er færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hrynrænum þáttum tungumálsins en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Hún birtist í sjálfvirkum fyrirhafnarlausum lestri í viðeigandi hendingum og með réttu hljómfalli. Lesfimi er mikilvæg við raddlestur og hljóðlestur.

Lestrarlag nemandans er mikilvægur hluti lesfimimatsins. Nemandi sem hefur gott vald á lestrinum les með eðlilegu hljómfalli og áherslum og nýtir sér greinarmerki til þess. Lestrarlag er viss vísbending um skilning því til að geta lesið texta með réttum áherslum og túlkun þarf skilningur að vera til staðar.

### Leiðbeiningar fyrir kennara:

- Matsrammann þarf að kynna vel fyrir nemendum og foreldrum.
- Lestrarlag er metið þegar nemandi les aldurssamsvarandi texta sem hann hefur fengið tækifæri til að æfa sig á.
- Leiðsagnarmat er nauðsynlegt í ferlinu.
- Auðvelt er að nota matsrammann og hvatt er til notkunar hans reglulega yfir skólaárið.
- Eftir að hafa hlustað á nemanda lesa valinn texta upphátt, merkir kennari í þann reit sem best lýsir heildarniðurstöðu nemandans. Stigagjöfin er á bilinu 4 til 16 stig. Átta stig eða fleiri benda til þess að lestrarlag nemandans sé á leið í rétta átt.

### Leiðbeiningar fyrir nemendur og foreldra:

- Skoðið vel þá þætti sem metnir eru.
- Ræðið hvar nemandinn getur hugsanlega bætt sig.
- Æfið upplesturinn heima.
- Foreldrar geta líka æft sig á textanum og nemendur æft sig í að meta.